

Borgarstjórn Reykjavíkur
2. október 2018

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um nýja starfsemi fyrir stuðningsþjónustu í ljósi nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga

Borgarstjórn samþykkir að fela velferðarsviði að hefja undirbúning að nýrri starfsemi sem haldi utan um alla stuðningsþjónustu á vegum sviðsins og taki til þeirrar auknu þjónustuþarfir sem leiðir af lögum um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 37/2018 með síðari breytingum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Ennfremur verði skoðað hvort stuðningsþjónusta á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 eigi að tilheyra nýrri starfsemi. Tillögur að útfærslu ásamt kostnaðarmati verði lagðar fyrir velferðarráð og borgarráð eigi síðar en 1. desember næstkomandi.

Greinargerð:

Stuðningsþjónusta er veitt af velferðarsviði Reykjavíkurborgar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 37/2018, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Um er að ræða grunnþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum og viðameiri þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Stuðningsþjónusta er lögbundin þjónusta en engu að síður eru fjölmargir einstaklingar á bið eftir þessari tegund þjónustu þar sem eftirspurn eftir þjónustunni er langt umfram fjárheimildir til að mæta henni.

Samkvæmt fjárveitingu vegna stuðningsþjónustu fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir tæplega einum milljarði í stuðningsþjónustuna. Samningar vegna NPA eða notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar koma til viðbótar kostnaði vegna stuðningsþjónustunnar.

| Stuðningsþjónusta, þ.kr. | Útkomuspá | |
|--------------------------|-----------|---------|
| 2018 | Áætlun | |
| 2019 | | |
| Liðveisla | 458.870 | 429.296 |
| Frekari liðveisla | 195.172 | 214.301 |
| Tilsjón | 72.676 | 67.993 |
| Persónuleg ráðgjöf | 72.146 | 67.496 |
| Stuðningsfjölskylda | 82.989 | 50.374 |
| Stuðningsfjölskylda LMF | 147.005 | 141.261 |
| Samtals m.t.t. skörunar | 1.028.858 | 970.721 |

Velferðarsvið lét vinna stöðumat á stuðningsþjónustu í ársbýrjun 2018 og niðurstöður stöðumatsins fela m.a. í sér áskorun um að gera stuðningsþjónustu að bundnum lið ásamt því að breyta og einfalda skipulag þjónustunnar á velferðarsviði.

Þann 1. júní síðastliðinn voru 602 notendur með stuðningsþjónustu sem skiptist í eftirfarandi þjónustuflokka:

Stuðningsþjónusta, fjöldi notenda í júní árin 2017 og 2018

| Þjónustubættir | Fjöldi notenda | | Fjöldi vinnustunda/sólarhringa* | |
|--------------------------|----------------|-----------|---------------------------------|-----------|
| | Júní 2017 | Júní 2018 | Júní 2017 | Júní 2018 |
| Liðveisla | 244 | 236 | 4.418 | 4.325 |
| Frekari liðveisla | 148 | 156 | 5.149 | 5.113 |
| Persónuleg ráðgjöf | 78 | 51 | 1.225 | 680 |
| Tilsjón | 31 | 50 | 400 | 685 |
| Stuðningsfjölskyldur | 74 | 97 | 200 | 280 |
| Stuðningsfjölskyldur LMF | 134 | 134 | 402 | 411 |
| Samtals m.t.t. skörunar | 546 | 602 | | |

*Hjá stuðningsfjölskyldum er miðað við fjölda sólarhringa

Mikilvægt er að gera störf í stuðningsþjónustu eftirsóknarverð en mörg verkefna eru unnin af einyrkjum og biðlistar eftir þjónustu eru langir, meðal annars vegna skorts á starfsfólki. Farið hefur verið í ýmsar aðgerðir, meðal annars hækkun launa stuðningsfjölskyldna en nauðsynlegt er að brúa þjónustuna enn frekar nú þegar ný lög um stuðning við fólk með langvarandi stuðningsþarfir hafa litið dagsins ljós.

Fjöldi umsækjenda á biðlista 1. júlí árin 2016, 2017 og 2018

| Þjónustubáttur | 1. júl.16 | 1. júl.17 | 1. júl.18 |
|--|-----------|-----------|-----------|
| Liðveisla | 215 | 260 | 253 |
| Frekari liðveisla | 50 | 57 | 51 |
| Tilsjón | 39 | 45 | 36 |
| Persónuleg ráðgjöf | 127 | 144 | 136 |
| Stuðningsfjölskylda | 93 | 111 | 91 |
| Stuðningsfjölskylda LMF | 70 | 78 | 79 |
| Fjöldi á biðlista alls m.t.t. skörunar | 533 | 617 | 577 |

Stuðningsþjónusta hefur ákveðið forvarnargildi en góð þjónusta á heimilum fólks getur dregið úr þörfum á dýrari þjónustu, svo sem sérstökum búsetuúrræðum.

Náið samráð verði við hagsmunasamtök notenda, framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva og Barnaverndar Revkjavíkur, starfsfólk og aðra hagsmunaaðila við undirbúning að nýrri starfsemi. Horft verði til reynslu nágrannaborga af þjónustuveitingu í þessum málaflokkum og skipulagi starfseminnar.